

Efni: Lokaskýrsla um verkefnið Hermikennsla í sjúkraþjálfun

Við fengum styrk úr Kennslumálasjóði 2023 samkvæmt B-leið Verkefnið bar yfirskriftina Hermikennsla í sjúkraþjálfun og fól í sér hermikennslu og þróun kennsluhátta innan Námsbrautar í sjúkraþjálfun. Verkefnið skiptist í tvo hluta, annars vegar að ráða inn fólk (leikara) til að taka þátt í hermikennslu í ýmsum námskeiðum innan námsbrautarinnar og hins vegar að kaupa aðgang að PhysioU fyrir 2.-4. árs nemendur í sjúkraþjálfun til notkunar í eitt ár.

Þátttaka leikara í námskeiðum

Innan sjúkraþjálfunar hefur hermikennsla sem felur í sér að ráða fólk/leikara töluvert verið rannsökuð og sýnt fram á góðan árangur. Styrkurinn hefur gert okkur kleift að ráða inn einstaklinga til þátttöku í eftirfarandi námskeiðum:

- SJÚ509F Flókin tilfelli og mismunagreining í september 2023 – samskiptaverkefni þar sem nemendur tóku viðtöl við „sjúklinga“ með ýmis konar heilsufarsvanda. Nemendur áttu að gefa dæmi um mismunandi nálganir í samskiptum og leiðir til að fræða sjúkling. Viðtölum var skilað inn og rýndu nemendur jafnframt í viðtöl samnemenda.
- SJÚ204F Barnasjúkraþjálfun í janúar 2024 – samskiptaverkefni þar sem nemendur voru í samskiptum við „foreldra“ barna sem þurftu á sjúkraþjálfun að halda. Nemendur útskýrðu fyrir foreldrum hvað væri að hjá hverju ungbarni (dúkk), svöruðu spurningum foreldra, ræddu um framtíðarhorfur barnsins og gáfu ráð hvernig foreldrar gætu örvað hreyfiþroska þess heima við.
- SJÚ609G Sjúkdóma- og sjúkraþjálfunarfræði taugakerfis í mars 2024 – prófatilfelli með „sjúklingum“ með mismunandi einkenni frá taugakerfi.

Kennarar og nemendur voru almennt ánægðir með þessa nýjung. Þátttaka leikara veitti nemendum tækifæri til þess að vinna með öðrum en samnemendum í verkefnavinnu og prófum. Nemendur tjáðu sig um að þetta hafi verið viðbótaráskorun en einnig fannst sumum skrítið að vera í samskiptum við fólk sem var „að leika“ en ekki við alvöru sjúklinga/foreldra. Kennurum fannst leikarar vera góð viðbót við verkefnavinnuna og komu sérstaklega vel út sem prófatilfelli. Það er hins vegar ljóst að kennarar við námsbrautina þurfa meiri fræðslu um hermikennslu. Tvö okkar hafa nú þegar tekið námskeið á vegum Menntadeildar Landspítala og jafnframt tekið þátt í BIP námskeiði í Finnlandi þar sem sjúkraþjálfari og sérfræðingur í hermikennslu, Griselda Gonzalez-Caminal, var með fræðslu og vinnustofu sem miðaði sérstaklega að námi í sjúkraþjálfun og „ekki-bráða“ aðstæðum. Hún fór m.a. yfir hvernig hægt er að búa til tilfelli sjúklinga og nýta í hermikennslu. Við hyggjumst nýta hluta lokagreiðslunnar til að fá Griseldu til landsins í október til að halda námskeið fyrir áhugasöm innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ.

PhysioU fyrir nemendur

PhysioU er gagnvirkt kennsluforrit sem býður uppá umhverfi til þekkingaröflunar og tækifæri til að bæta færni á ýmsum sviðum sjúkráþjálfunar t.d. skoðun á fjölbreyttum hópi sjúklinga, mælingum á líkamsstarfsemi og færni og notkun á hjálpartækum. Kennsluforritið inniheldur myndbönd og ýmis konar gagnvirkar myndir, klínískar leiðbeiningar og hermikennslu. Ársáskrift var keypt fyrir alla nemendur á 2.-4. ári, samtals 98 nemendur, en 91 nemandi óskaði eftir að fá aðgang. Nemendur þurftu að óska eftir aðgangi til þess að fá aðgangsslykil og gerðu þau það flest á haustönninni en 10 nemendur á 2. ári bættust við á haustönn og má rekja það til þess að þar voru kennarar að nýta kennsluefni og minntu nemendur á að þau hefðu aðgang. Lögð var könnun fyrir nemendur í lok hvorrar annar til að kanna reynslu af notkun og má sjá helstu niðurstöður í meðfylgjandi töflu.

	haustönn			vorönn		
	fjöldi n (hlutfall nemenda með áskrift)	notuðu 1x í viku eða oftar	notuðu sjaldnar en 1x í viku	fjöldi n (hlutfall nemenda með áskrift)	notuðu 1x í viku eða oftar	notuðu sjaldnar en 1x í viku
2. ár	11 (41%)	6	5	10 (27%)	5	5
3. ár	2 (12%)	0	2	5 (29%)	1	4
4.ár	17 (44%)	13	4	13 (33%)	3	10

Ljóst er að þeir nemendur sem nýttu sér forritið voru mjög ánægð með það en svo virðist sem of margir nemendur hafi ekki lagt sig fram um að kynna sér forritið. Sumir kennarar voru duglegir að nýta sér efni á PhysioU, bæði í kennslu og til að benda nemendum á efni. – Í opinni spurningu í lok kannanna má sjá að þau sem nýttu sér forritið voru mjög ánægð en vísbendingar eru um að kynning í upphafi hefði þurft að vera mun ítarlegri fyrir nemendur (sbr. meðfylgjandi tilvitnanir):

Frá nemendum á 4. ári:

- Mér fannst PhysioU gagnast mjög mikið í Stoðkerfiskúrsinum á 4. ári síðasta haust og hefði alveg 100% nýtt mér það á þessari önn ef ég hefði munað eftir þessari síðu.
- Ég var búin að gleyma henni en hefði líklega nýtt mér hana töluvert í klíníska náminu sérstaklega en líka í PBL verkefnum á þessari önn.
- Myndböndin eru frábær þegar framkvæmd og tækni er að flækjast fyrir manni, væri frábært að geta nýtt sér áfram samhliða verknámi á 5. ári.
- Mér finnst PhysioU mjög góð síða sem hentar nemendum vel en þar sem að það er fremur dýrt að bæta kostnað hennar ofan á kostnað t.d. skólabóka, þá finnst mér ólíklegt að nemendur muni ekki fá sér aðgang ef þeir borga sjálfir en líklegir til að nota hana töluvert ef skólinn veitir aðgang að henni.
- PhysioU hentar virkilega vel við lærdóm en mætti ábyggilega nota meira í kennslu og kynna appið betur þannig.
- Mjög aðgengilegt og gott app sem hefur nýst vel í áföngum. Væri alveg til í áframhaldandi aðgang að því.

Frá nemendum á 3. ári:

- Mér finnst PhysioU algjör snilld, gott að kíkja af til inn á það þótt ég var ekki alltaf inn á því.
- Myndi vilja kaupa mér aðgang en það er erfitt að vera fátækur námsmaður.
- Gleymdi að ég væri með aðgang. Myndi vera gagnlegt að fá smá fræðslu um PhysioU.

Frá nemendum á 2. ári:

- PhysioU er geggjað, mjög skemmtileg námsaðferð.
- Frábært tól og virkilega þægilegt í notkun. Veit ekki hvort ég myndi tíma sjálfur að kaupa samt en mun íhuga það.
- Það væri geggjað ef þetta væri komið til að vera!
- Heyrði að krökkunum fannst það snilld þau sem voru að nota það en ég einhvern veginn komst aldrei inn á það svo ég gafst upp á því er líklega algjör snilld þegar maður kemst inn og lærir á það.
- Mjög hentugt að geta kíkt á myndbönd tengd námsefninu þegar maður er í vafa.
- Mjög sniðugt í að læra eitthvað fyrir utan námið. Eins og tapering og svoleiðis.

Þegar spurt var hvort nemendum finnst líklegt að þeir myndu kaupa sjálfir ársáskrift að PhysioU á næsta skólaári fyrir ca 15.000 kr. voru einungis 3 nemendur sem sögðu pottþétt eða frekar líklegt að þau myndu kaupa sér aðgang. Árgjaldið er sambærilegt við verð á 1-2 skólabókum og má því leiða að því líkum að frekari kynning og ábendingar kennara hefði þurft til að nemendur sæju hag sinn af því að kaupa aðgang því samkvæmt könnunum var að efnið nýttist í mörgum þeirra námskeiða sem nemendur sitja.

Samantekt

Í heildina finnst okkur hafa vel tekist til í þessum verkefnum og þau hafa vakið kennara og kannski nemendur til umhugsunar um möguleika sem eru í mögulegir við kennslu í sjúkráþjálfun. Eins og áður hefur komið fram, þurfum við kennararnir að styrkja okkur í aðferðum hermikennslu og verður því kærkomið að geta fengið sérsniðna kennslu um hermikennslu í sjúkráþjálfun á haustmánuðum. Eftirstöðvar styrksins verða jafnframt nýttar í að ráða leikara í námskeið.